

Verklagsreglur um námsbrautarstjórn við Landbúnaðarháskóla Íslands - BS nám

Námsbrautarstjórar í BS námi eru kosnir af viðkomandi deildarfundi til tveggja ára í senn og ráðnir af rektor.

Ábyrgðarsvið

Námsbrautarstjóri hefur frumkvæði og forystu um málefni brautar og ber faglega ábyrgð á náminu. Hann ber ábyrgð á starfsemi brautar, skipulagi, undirbúningi og framkvæmd náms í samstarfi við kennsluskrifstofu.

Starf brautarstjóra skiptist í meginatriðum í tvennt: annars vegar snýr það að námsbrautinni og nemendum hennar, hins vegar að deildinni. Hann skal í störfum sínum ganga út frá þörfum nemenda og starfsmanna háskólans, sem og fagsviði brautar. Starfi sínu skal hann haga samkvæmt stefnu viðkomandi deildar og Lbhí ásamt fyrirmælum og fjárveitingum hverju sinni. Hliðsjón skal höfð af gildandi lögum, reglugerðum og reglum. Námsbrautarstjóri skal virða trúnað og gæta þagmælsku um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu.

Helstu verkefni

- 1) Vinnur með deild, grunnnámsnefnd, kennslusviði og framhaldsnámsnefnd ef við á, að málefnum brautar.
- 2) Fylgir eftir og útfærir stefnu brautar um tilhögun og framkvæmd náms. Stefnan er mótuð af deildarfundi/deildarráði en byggir á og samræmist stefnumörkun Lbhí og viðkomandi fagdeildar.
- 3) Fylgist með gæðum námsins og hefur forystu um úrbætur í samráði við kennsluskrifstofu og aðra aðila eftir því sem við á.
- 4) Velur umsjónarkennara og aðra kennara í samráði við kennsluskrifstofu. Sér um samskipti við kennara.
- 5) Vinnur með kennsluskrifstofu að stundaskrágerð í samvinnu við umsjónarkennara.
- 6) Vinnur að náms- og kennsluskrá í samvinnu við kennsluskrifstofu og grunnnámsnefnd.
- 7) Sér um dagleg samskipti við nemendur brautar.
- 8) Hefur eftirlit með framvindu náms nemenda á brautinni.
- 9) Er formaður námsbrautarnefndar og hefur frumkvæði að starfi og fundum hennar.
- 10) Vinnur ásamt kennslustjóra og umsjónarkennurum, og eftir þörfum grunnnámsnefnd, að úrlausn álitamála er varðar nám og kennslu.
- 11) Kemur að fjármálum brautar og gerð rekstraráætlana.
- 12) Vinnur að kynningarmálum brautar í samvinnu við kynningarstjóra, kennsluskrifstofu og viðkomandi fagdeild.
- 13) Situr deildarfundi (og í deildarráði þegar við á) og starfar að faglegum og stjórnunarlegum málefnum deildar, ásamt því að fylgja þar einnig eftir málum brautarinnar.
- 14) Svarar fyrirspurnum er varða möguleika til náms á viðkomandi braut frá áhugasömum aðilum. Fer yfir umsóknir í umsóknakerfi og samþykkir tilvonandi nemendur inn í námið. Tekur þátt í móttökudagskrá fyrir nýnema á hverju hausti.
- 15) Stýrir BS kynningum viðkomandi brautar, kynnir möguleika til BS verkefna fyrir 2. árs nemendur árlega og hefur frumkvæði að því að uppfæra BS verkefnahugmyndabanka á Uglu reglulega.
- 16) Metur fyrra nám í samstarfi við kennslustjóra, og umsjónarkennara áfanga ef við á, berist formleg beiðni um slíkt ásamt gögnum frá innrituðum nemanda.
- 17) Tekur þátt í brautskráningarathöfn.

Námsbrautarnefnd

Hver námsbraut hefur námsbrautarnefnd og er námsbrautarstjóri formaður hennar. Rétt til setu í nefndinni hafa allir fastir kennarar og stundakennarar við brautina. Þar að auki er í hverri nefnd a.m.k. 2 fulltrúar nemenda og 2 fagaðilar á viðkomandi fræðasviði. Námsbrautarstjóri tilkynnir nöfn nemendafulltrúa og fagaðila til deildarráðs árlega í september.

Kennslustjóri og deildarforseti viðkomandi deildar eiga rétt á að sitja fundi.

Nefndin fundar a.m.k. einu sinni á ári og fundargerðir skulu birtar í Uglu.

Hlutverk

Hlutverk námsbrautarnefndar er að koma að þróun og stefnumörkun námsbrautar, vera bakhjarl námsbrautarstjóra og að tryggja samráð og tengsl námsbrautar við viðkomandi fagstéttir.

Grunnnámsnefnd

Grunnnámsnefnd starfar í umboði fagdeilda Lbhí; *Ræktunar & fæðu, Náttúru & skóga og Skipulags & hönnunar*. Hún er skipuð kennslustjóra, sem er formaður, námsbrautarstjórum og einum fulltrúa nemenda sem skipaður er af nemendafélagi Lbhí til 1. árs. Deildarforsetar hafa rétt á að sitja fundi.

Hlutverk og ábyrgð

Grunnnámsnefnd sinnir kennsluþróun, samræmir kennslu og kennsluskrár milli brauta, fjallar um kennslu- og námsskrár fyrir einstakar námsbrautir, setur meginreglur um námsmat og mat á öðru námi. Tekur þátt í framkvæmd sjálfsmats námsbrauta, fylgist með gæðum náms og kennslu, og ákveður úrbætur eftir þörfum í samvinnu við deildir og framkvæmdastjórn skólans. Jafnframt fjallar nefndin um málefni sem varða tæknileg atriði í námi og kennslusamstarfi við aðrar háskólastofnanir. Grunnámsnefnd fjallar um meiriháttar málefni einstakra nemenda og ágreiningsmál sem upp kunna að koma í framkvæmd kennslu og námsmats. Minniháttar mál afgreiðast af viðkomandi námsbrautarstjóra og kennslustjóra í sameiningu. Úrskurðum þeirra má áfrýja til gunnnámsnefndar, og úrskurðum nefndarinnar má áfrýja til viðkomandi deildarráðs.

Nefndin skal haga starfi sínu samkvæmt stefnu deilda og Lbhí, og fjárveitingum hverju sinni. Hliðsjón skal höfð af gildandi lögum, reglugerðum og reglum. Nefndarmenn skulu virða trúnað og gæta þagmælsku um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu.

Grunnnámsnefnd fundar að jafnaði mánaðarlega, og fundargerðir skulu birtar í Uglu. Nefndin fundar eftir þörfum með framhaldsnámsnefnd og starfsmenntanámsnefnd um samræmingu náms o.fl.

Samþykkt á fundi háskólaráðs Landbúnaðarháskóla Íslands 28. apríl 2021.